

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/37/18

frá 12. febrúar 2001

um breytingu á ákvörðun 98/488/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 345)

(2001/157/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí ⁽¹⁾ um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins, einkum 3., 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem hefur eiginleika sem hafa verulega hagstæð áhrif að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli leiða til tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 98/488/EB ⁽²⁾ setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis bandalagsins fyrir jarðvegsbæti en þær skulu, skv. 3. gr. þeirrar ákvörðunar, gilda til 31. mars 2001.
- 5) Umhverfismerki bandalagsins hefur verið veitt nokkrum sinnum fyrir vörur í þessum vöruflokki.

- 6) Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda óbreyttar áfram um átján mánaða skeið.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var sett á laggirnar skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 98/488/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda frá 1. apríl 1998 til 30. september 2002.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB L 57, 27.2.2001, bls. 51, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 219, 7.8.1998, bls. 39.